

**Nd.** **283. Nefndarálit** [184. mál]  
um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund Pál Flygenring ráðuneytisstjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Eins og fram kemur í fylgiskjali með frv. skilaði Kjartan Jóhannsson séráliti sem ekki birtist með frv. Til upplýsingar er sérálitið prentað sem fylgiskjal með nál. þessu.

Alþingi, 16. des. 1985.

Páll Pétursson,  
form.  
Svavar Gestsson.

Guðrún Agnarsdóttir,  
fundaskr.  
Birgir Ísl. Gunnarsson.  
Gunnar G. Schram.

Friðrik Sophusson,  
frsm.  
Ingvar Gíslason.

## Fylgiskjal.

Kjartan Jóhannsson:  
Nefnd til endurskoðunar á verðjöfnunargjaldi af raforku.  
Sérálit.

Undirritaður telur niðurstöður meiri hluta nefndarinnar ófullkomnar og ýmsar ábendingar skorta í nefndarálitid. Af þeim sökum er þessu séráliti skilað. Þær ábendingar og niðurstöður, sem ég vil sérstaklega koma á framfæri, eru þessar:

1. Samkvæmt fylgiskjali 4 með nefndarálitinu er ljóst (og þá á grundvelli þeirra forsendna sem þar eru gefnar) að Rarik þarf ekki á meira en 14% verðjöfnunargjaldi að halda. Þannig má lækka verðjöfnunargjaldið um 2% án þess að grípa þurfi til nokkurra annarra aðgerða vegna Rarik. Að því er Orkubú Vestfjarða varðar mun þó þörf lánalengingar, en það á reyndar jafnt við þótt verðjöfnunargjald væri óbreytt (16%) enda sé gengið út frá gefnum forsendum skv. fylgiritinu.
2. Á fylgiskjali 1 eru reiknaðar niðurstöður þess fyrirkomulags að verðjöfnunargjald falli niður með öllu 1. jan. 1986 og ríkissjóður yfirtaki öll áhvílandi lán Rarik og Orkubús Vestfjarða. Sú niðurstaða sýnir mjög verulega fjármagnsuppsöfnun í fyrirtækjunum og þannig mjög rúma afkomu. Hér er því ætlunin að gera betur en vel við fyrirtækin. Sama gildir um niðurstöður skv. fylgiskjali 2 um áfangalækkun verðjöfnunargjaldsins, fyrst í 12%, síðan í 6% og loks í 0% og tilsvareandi yfirtöku áhvílandi lána fyrirtækjanna. Líka í þessu tilviki verður mikil fjármagnsuppsöfnun í fyrirtækjunum.

Af þessum sökum er ég ósammála meiri hluta nefndarinnar um að mæla með tillögu skv. fylgiskjali 1. Sama gildir að sjálfsögðu að því er mig varðar um tillögu samkvæmt fylgiskjali 2.

3. Að mínum dómi hefur nefndin látið undir höfuð leggjast að gera greinargóða og nauðsynlega athugun á gjaldskrárstefnu Rarik og Orkubúsins. Leiða þarf í ljós með óbyggjandi hætti að styrkþegar (Rarik og Orkubúið) séu ekki með lægri gjaldskrár en þau fyrirtæki sem til þeirra greiða, þ.e.a.s. aðrar rafveitur, svo og að uppbygging taxta sé eðlileg og þá sérstaklega svonefnds marktaxta. Réttlætning verðjöfnunar eða skuldaryfirtöku eða annarra jöfnunaraðgerða og í hve ríkum mæli sé til slíks gripið verður að byggjast á því að gjaldskrár séu eðlilegar.
4. Ekki hefur farið fram mat af hálfu nefndarinnar á fjárfestingaráformum fyrirtækjanna. Athygli vekur í þessu sambandi hversu há fjárfestingaráætlun Orkubúsins er sem hlutfall af veltu í samanburði við Rafmagnsveitur ríkisins. Hér er þörf nánari athugunar.
5. Að svo miklu leyti sem tekjuþörf verður ekki mætt með gjaldskrárleiðréttingum hjá fyrirtækjunum koma í meginatriðum tvær leiðir til greina þegar fella á niður verðjöfnunargjaldið:
  1. Greiðsla rafhitunarframlags og félagslegs þáttar í framkvæmdakostnaði og e.t.v. yfirtaka á ákveðnum hluta skulda fyrirtækjanna, sbr. tillögur nefndarinnar á s.l. ári.
  2. Með yfirtöku hluta af skuldum fyrirtækjanna eingöngu (en ekki öllum, sbr. fyrri ábendingar).Eftir stendur engu síður að áreiðanlega er nú svigrúm til 2% lækkunar gjaldsins án þess að nokkuð annað komi til eins og áður er vikið að.
6. Um leið og fjárhag fyrirtækjanna er komið á eðlilegan grundvöll tel ég að girða verði fyrir og beinlínis banna frekari lántökur fyrirtækjanna til framkvæmda.